

Kópavogi, 24. febrúar 2022

Tilvísun: CoreData-númer

Efni fundar: Sjá dagskrá

Fundarmenn: Svandís Ingimundardóttir, Birgir Urbancic Ásgeirsson, Freyja Hreinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson, Haraldur F. Gíslason, Ingimar Ólafsson Waage, Kristinn Þorsteinsson, Ragnar F.

Ólafsson, Sonja Dögg Pálsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir

Þorgerður L. Diðriksdóttir kom inn á fundinn kl. 13:20

Fjarverandi: Enginn

Fundarritari: Ingileif Ástvaldsdóttir, starfsmaður kennararáðs

Dagskrá fundar:

1. Dagskrá fundar og fundargerð síðasta fundar
2. Leiðbeiningar um mat á sérhæfingu kennara við ráðningu.
3. Kynning á STEP. norsku rannsóknarverkefni um aðlögun nýútskrifaðra kennara.
4. Reglugerðin (skv. 8. gr. laga nr. 95/2019)
5. Önnur mál

Umræður og ákvarðanir:

1. Engar athugasemdir voru gerðar við dagskrá fundarins. Ekki voru heldur gerðar athugasemdir við fundargerð og skoðast hún því samþykkt. Formaður óskaði eftir því að næsta fundi yrði frestað til 31. mars. Tillaga formanns var samþykkt.
2. Ingileif Ástvaldsdóttir kynnti könnun sem stendur til að senda til allra stjórnendur í leik-, grunn- og framhaldsskóla. Minnisblað vegna könnunarinnar hefur verið sent til skólamálanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og stjórna SÍ, FSL og SMÍ. Engar athugasemdir voru gerðar við könnunina og öll félögin bjóðast til að aðstoða við að senda hana út til stjórnenda. Stefnt að því að kynna niðurstöður á næsta fundi ráðsins.
3. Anna María Gunnarsdóttir kynnti [STEP](#) fyrir fundarmönnum. Um er að ræða rannsókn á því hvort og hverju það breyti að kennaramenntunin hafi verið lengd í fimm ár í Noregi.
4. Sonja Dögg Pálsdóttir kynnti fyrstu drög að reglugerð um hæfniramma með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda. Umræður urðu um hugtakanotkun í reglugerðinni og áréttað að brýnt sé að hún sé samræmd og í takti við námskrár og önnur stefnuskjöl. Í máli Sonju Daggar kom fram að fram undan væru fundir með hópum sem komu að gerð tillögunni að hæfniramma.
5. Engin önnur mál.

Næsti fundur: Fimmtudaginn 31. mars 2022 kl. 13.

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara: IÁ